



ÞJÓNUSTA VIÐ ÞOLENDUR KYNBUNDINS OFBELDIS Á SUÐURLANDI

Sveitarfélagið Árborg
Gísli H. Halldórsson bæjarstjóri
Austurvegi 2
800 Selfoss

Selfossi, 16. desember 2021

Efni: Umsókn um styrk til SIGURHÆÐA

Erindi þessa bréfs er að óska eftir styrk til SIGURHÆÐA – þjónustu við þolendur kynbundins ofbeldis á Suðurlandi – að upphæð kr. 2.200.036.-

Í erindi SIGURHÆÐA til Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga 30. september sl. var sett fram sú framtíðarsýn fyrir SIGURHÆÐIR að sveitarfélög á Suðurlandi sameinuðust um að fjármagna sem nemur þriðjungi af kostnaðaráætlun SIGURHÆÐA fyrir árið 2022. Sú sýn var jafnframt kynnt sveitarfélögunum á ársþingi SASS 28. október sl. Kostnaðaráætlunin hljóðar upp á kr. 34.855.000 og nemur þriðjungshlutar af henni kr. 11.606.715. Á fundi sínum hinn 3. desember sl. samþykkti stjórn SASS að veita kr. 5.000.000 til SIGURHÆÐA úr Sóknaráætlun 2022, en sú rausnarlega niðurstaða opnar leið fyrir SIGURHÆÐIR að sækja beint til sunnlenskra sveitarfélaga um þá upphæð sem út af stendur. Nema styrkumsóknir SIGURHÆÐA til sveitarfélaga nú samtals kr. 6.606.715 og er sú styrkuppæð sem sótt er um til hvers sveitarfélags hlutfall af þeirri upphæð samsvarandi íbúafjölda í viðkomandi sveitarfélagi.

Í kostnaðaráætlun 2022 er gert ráð fyrir 100 skjólstaðingum, en í kostnaðaráætlun þess árs sem nú er að ljúka var gert ráð fyrir 64 skjólstaðingum. Nú, þegar SIGURHÆÐIR hafa verið starfræktar í tæpa níu mánuði eru skjólstaðingar orðnir 103. Það er mikilli óvissu háð að áætla fjölda skjólstaðinga og er ekki loku fyrir það skotið – og reyndar líklegt - að skjólstaðingar næsta árs verði enn fleiri en kostnaðaráætlunin 2022 gerir ráð fyrir. Mikill stígandi er í fjölda þeirra sem til SIGURHÆÐA leita vegna þess að bæði spyrst úrræðið vel út og traust samstarfsaðila sem vísa til SIGURHÆÐA er ríkulegt og þakkarvert.

Samstaðan sem myndast hefur á Suðurlandi um SIGURHÆÐIR er lofsverð og einstök. Samstarfsaðilar að Soroptimistaklúbbi Suðurlands meðtöldum eru 23. Auk sveitarfélaganna

fimmtán eru meðal samstarfsaðila Heilbrigðisstofnun Suðurlands / geðteymi, Lögreglustjórinn á Suðurlandi, Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum, Sýslumaðurinn á Suðurlandi, Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum, Kvennáráðgjöfin og Mannréttindaskrifstofa Íslands. Þessi framúrskarandi einhugur um SIGURHÆÐIR á engan sinn líkan á landinu. Þá er sérstaða SIGURHÆÐA einnig fólgin í þeirri gagnreyndu og faglegu meðferð sem skjólstæðingum stendur til boða, sem er langt umfram það sem sambærileg úrræði á landinu bjóða. Rætur þeirrar ákvörðun að bjóða svo víðtæka meðferð liggur í þeirri markmiðssetningu Soroptimistaklúbbs Suðurlands að veita sem besta þjónustu í heimabyggð, enda er ekki í önnur sérhæfð úrræði að vísa í landshlutanum fyrir þolendur kynbundins ofbeldis.

Í starfsáætlun fyrir næsta ár er gert ráð fyrir fræðslu til allra framhaldsskóla á Suðurlandi sem veitt verður í samvinnu við Stígamót skólunum að kostnaðarlausu. Þá verður haldið myndarlegt málþing í maí þar sem m.a. niðurstöður úr óháðu mati Háskóla Íslands á SIGURHÆÐUM verður kynnt auk niðurstaðna sérstakrar rannsóknar á árangri EMDR-meðferðar SIGURHÆÐA sem nú er hafin. Mun þessi rannsókn verða sú fyrsta sem gerð er hérlandis á árangri EMDR-meðferðar, en með henni munu SIGURHÆÐIR veita mikilsvert framlag til öflunar nýrrar fræðilegrar þekkingar í þágu samfélagsins alls.

Í einlægri von um að framtíðarsýn okkar samstarfsaðilanna allra fyrir hönd SIGURHÆÐA nái fram að ganga og með innilegu þakklæti fyrir gefandi tímamótasamstarf.

Virðingarfyllst,



Hildur Jónsdóttir

verkefnisstjóri SIGURHÆÐA

Viðhengi: Kostnaðaráætlun 2022.